

## Samþykktir Faghóps um rafræna opinbera þjónustu hjá Skýrslutæknifélagi Íslands

Samþykktar á stofnfundi faghópsins 28. janúar 2009

Breytt á aðalfundi 10. febrúar 2011

### 1. gr.

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu starfar eftir reglum SKÝ um faghópa. Sjá vefsíðu [www.sky.is](http://www.sky.is).

### 2. gr.

Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið Skýrslutæknifélagsins og felast meðal annars í:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rafræna opinbera þjónustu.
- Að auka samvinnu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í því skyni að stuðla að samræmdu heildarskipulagi í rafrænni þjónustu.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um rafræna þjónustu, möguleika, hagræðingu og framþróun í takt við nýja tíma.

### 3. gr.

Aðalfundur skal boðaður með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal haldinn í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Hann hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör. Stjórnin er kosin til eins árs í senn og er skipuð fimm til sjö mönnum, formanni og fjórum til sex meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum. Æskilegt er að ríki, sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki eigi fulltrúa í stjórninni í sem jöfnustum hlutföllum.

### 4. gr.

Samþykktum má eingöngu breyta á aðalfundi faghópsins og skulu breytingartillögur hafa borist til stjórnar með minnst viku fyrirvara.

### 5. gr.

Halda skal að minnsta kosti einn félagsfund árlega, eða standa fyrir atburði á vegum SKÝ, t.d. ráðstefnu eða hádegisfundu.

### 6. gr.

Félagar skulu samkvæmt reglum SKÝ um faghópa vera félagar í Skýrslutæknifélagi Íslands og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Ekki þarf að greiða sérstök félagsgjöld til faghópsins. Þurfi hópurinn á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað hverju sinni með tiltækum ráðum.

### 7. gr.

Framlag hvers og eins félaga til framfylgdar markmiðum faghópsins fer eftir vilja og getu, en hvatningu stjórnar um vinnuframlag í þágu markmiða hópsins skal tekið með jákvæðu hugarfari.